

# Reglur um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins

## Inngangur

Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál tilnefni ráðherra „í stjórnir félaga sem ríkið á eignarhlut í á grundvelli hæfni og menntunar eða reynslu.“ Skulu viðeigandi kröfur byggja á reglum sem ráðherra setur um „almenn og hlutlæg skilyrði fyrir vali til setu í slíkum stjórnnum og birtir opinberlega sem hluta af eigandastefnu.“ Miklu skiptir að stjórn félags í eigu ríkisins sé skipuð hæfum einstaklingum með haldgóða reynslu eða góða þekkingu sem hæfir viðkomandi félagi. Mikilvægt er því að val á einstaklingum í stjórnir félaga fari fram á faglegum forsendum þannig að einstakir stjórnarmenn og stjórnin í heild þjóni sem best hagsmunum viðkomandi félags.

## 1. Kröfur til stjórna félaga í eigu ríkisins

### 1.1. Samsetning stjórnar

Leitast skal við að tryggja að þeir einstaklingar sem skipa stjórnir félaga í eigu ríkisins hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að auka getu stjórnar til að tryggja að skipulag og starfsemi félagsins sé í sem bestu horfi.

Æskilegt er að við mat á samsetningu stjórnar sé litið til þess að innan hennar sé hæfileg breidd hvað varðar m.a. menntun, faglegan bakgrunnkyn, þekkingu og reynslu. Leitast skal við að tryggja sem jöfnust kynjahlutfjöll innan stjórna.

Við undirbúning tillagna um stjórnarmenn félaga í eigu í ríkisins skal meðal annars lagt mat á hæfni þeirra út frá eftirfarandi þáttum:

1. Stefnumótun
2. Fjármálum og rekstri fyrirtækja
3. Reynslu af stjórnarsetu og stjórnun
4. Góðum stjórnarháttum
5. Mannauðsmálum
6. Sérþekkingu á starfssviði
7. Sjálfbærni

### 1.2. Kröfur til einstakra stjórnarmanna

#### 1.2.1. Lögbundnar kröfur

Stjórnarmenn í félögum í eigu ríkisins skulu á öllum stundum uppfylla lögbundin skilyrði samkvæmt almennum lagaákvæðum, hvort heldur sem er samkvæmt lögum um tiltekið rekstrarform eða starfsemi.

Leiki vafi á að stjórnarmaður uppfylli skilyrði skv. þessum reglum til að geta verið í stjórn skal hann upplýsa ráðuneytið þar um án tafar.

## Viðauki 1. við almenna eigandastefnu ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins

### 1.2.2. Óhæði

Stjórnarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði skal höfð hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka Atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti. Þá skal þess jafnframt gætt að ekki skuli hætta á hagsmunaárekstrum vegna annarra starfa stjórnarmanna, en þar skal sérstaklega litið til tengsla við önnur félög sem starfa í sama samkeppnisumhverfi. Hvorki starfsmenn félags né kjörnir fulltrúar á Alþingi eða í sveitarstjórnnum skulu tilnefndir fyrir hönd ríkisins til setu í stjórn félags í eigu þess. Ef þörf krefur getur verið rétt að líta til ákvæða stjórnarsýslulaga um vanhæfi þessum reglum til fyllingar.

### 1.2.3. Kjör starfsmanna ríkisins í stjórnir

Almennt skulu starfsmenn ríkisins sem fara með eigandahlutverk ríkisins í félögum ekki valdir til stjórnarsetu í félögum í eigu þess. Frá þessu geta verið undantekningar ef félag uppfyllir eitt eða fleiri af neðangreindum skilyrðum:

1. Það sinnir opinberum viðfangsefnum sem varða kjarnaverkefni einstakra ráðuneyta.
2. Það sinnir almannaþjónustu og starfar ekki á samkeppnismarkaði.
3. Það nýtur ríkisábyrgða eða lána frá ríkinu sem fela í sér áhættu fyrir ríkissjóð.
4. Þörf er talin á endurskipulagningu á starfsemi og fjárhag félags.

Starfsmenn ríkisins skulu uppfylla sömu kröfur um hæfni, óhæði og hæfi og gerðar eru til annarra stjórnarmanna.

## 2. Verklag við val á einstaklingum í stjórnir

### 2.1. Almennt um val á einstaklingum í stjórnir

Ráðherra gerir tillögu að skipan einstaklinga í stjórnir í samræmi við eigandastefnuna og önnur ákvæði laga. Það ræðst af stærð og tegund félags hvort tillagan er gerð að undangenginni málsmeðferð hjá sérstakri valnefnd, skv. lögum um opinber fjármál. Í þeim tilvikum sem lög boða ekki sérstaklega notkun valnefndar er ráðherra frjálst að eigin frumkvæði og í því skyni að tryggja vandaða ákvarðanatöku að fela valnefnd undirbúning tillögu um skipan. Í þeim tilvikum sem það er ekki gert skal þess hins vegar gætt að farið sé að ákvæðum eigandastefnunnar, sem miða að því að tryggja að samsetning stjórnna sé sem best til þess fallin að fara með stjórn félags.

### 2.2. Skrá yfir hæfa aðila

Ráðherra getur tekið við tillögum um hæfa aðila sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórnnum. Tillögum skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Ferilskrá með upplýsingum um menntun, störf og reynslu af stjórnarsetu.
2. Upplýsingar skv. 2. málsgrein 63. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Ráðherra er heimilt að auglýsa eftir hæfum einstaklingum, hvort heldur sem er til setu í stjórn ákveðinna félaga eða almennt fyrir allar stjórnir félaga í ríkiseigu.

Ráðherra skal halda skrá yfir einstaklinga sem tillaga hefur borist um skv. þessari grein. Skráin skal aðgengileg valnefndum.

### 2.3. Valnefnd

#### 2.3.1. Inngangur

Samkvæmt 44. gr. a laga um opinber fjármál nr. 123/2015 skipar ráðherra þriggja manna valnefnd, þar af einn sem formann, sem tilnefnir einstaklinga fyrir hönd ríkisins, sem rétt hafa til setu fyrir hönd þess í bankaráðum og stjórnnum stærri ríkisfyrirtækja. Valnefnd er sjálfstæð í sínum störfum, enda er

## Viðauki 1. við almenna eigandastefnu ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins

markmiðið með fyrirkomulaginu að val á einstaklingum sem til greina koma í stjórnir byggji á faglegum og vönduðum grunni.

Þau félög sem falla undir neðangreinda skilgreiningu á umfangi og starfsmannafjölda falla undir valnefndarferlið við mat á tillögum í stjórnir. Félag þarf að uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

- Starfsmannafjöldi yfir 50 stöðugildi
- Árstekjur yfir 3 ma.kr.
- Heildareignir yfir 10 ma.kr.

### 2.3.2. Skipan nefnda

#### *Fjöldi og tegundir valnefnda*

Í 44. gr. a laga um opinber fjármál er sérstaklega áréttað að ráðherra sé heimilt að skipa fleiri en eina valnefnd. Slíkt geti verið haganlegt þegar ólíkar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna í mismunandi tegundum félaga. Í dæmaskyni eru nefndar þær kröfur sem koma fram í lögum um fjármálafyrirtæki.

Að þessu virtu er ráðgert að ráðherra skipi þrjár valnefndir: Vegna félaga í eigu ríkisins sem starfa á fjármálamarkaði, félaga á orkumarkaði og að lokum annarra félaga. Talið er að hvoru tveggja fjármála- og orkumarkaðir hafi sérstöðu sem nauðsynlegt er að skipan valnefndar taki mið af. Frekar verður fjallað um samsetningu valnefndar síðar í stefnu þessari.

Til þess að tryggja samræmi í starfsemi valnefndanna er ráðgert að í það minnsta einn valnefndarmaður sitji í öllum nefndunum þremur. Verði því komið við er rétt að það verði formaður. Hins vegar er almennt ekki ráðlegt að fleiri en tveir nefndarmenn sitji í fleiri en einni nefnd, þó það kunni að koma til greina ef gætt er að því að nefndin í heild búi yfir nauðsynlegri þekkingu.

### 2.3.3. Valnefndarmenn

Til að ná yfirlýstum markmiðum með valnefndum fyrir stjórnir félaga í eigu ríkisins er nauðsynlegt að skipan valnefndarinnar sjálfur sé þannig að hún sé sem best til þess fallin að rækja hlutverk sitt. Markmiðið er, auk þess að tryggja að valið byggji á faglegum og vönduðum grunni, að bæði einstaklingar og stjórnir sem heild búi yfir viðeigandi þekkingu, reynslu og bakgrunni til að rækja hlutverk sitt sem stjórnarmenn. Talið er að í þessu skyni sé nauðsynlegt að innan valnefndar sé hvoru tveggja reynsla og þekking af mati á hæfni stjórnenda og stjórnarmanna og viðeigandi hæfni til að meta æskilega þekkingu út frá mismunandi starfsemi félaga. Við skipan valnefndar skal hafa hliðsjón af ákvæðum eigandastefnunnar um val á stjórnarmönnum.

Valnefndarmenn skulu uppfylla sömu kröfur og stjórnarmenn um óhæði.

### 2.3.4. Starfsreglur valnefndar

Ráðherra óskar eftir tilnefningum valnefndar fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi stjórnnum.

Valnefnd skal í vinnu sinni eftir því sem við á hagnýta skrár ráðuneytisins um hæfa einstaklinga sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórnnum og hafa samráð við ráðuneytið telji hún ástæðu til að auglýsa sérstaklega eftir öðrum hæfum einstaklingum. Valnefnd er þá jafnframt heimilt að leita eftir einstaklingum að eigin frumkvæði.

Heimilt er að útvega valnefnd starfsaðstöðu hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Gögn nefndarinnar skulu geymd í ráðuneytinu. Valnefnd skal halda fundargerðir þar sem gerð er grein fyrir málsmeðferð og ákvörðunum hennar.

## Viðauki 1. við almenna eigandastefnu ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins

Valnefnd skal í hvert sinn leggja til við ráðherra tvo einstaklinga fyrir hvert stjórnarsæti. Tilnefningar skulu rökstuddar og studdar gögnum skv. gr. 2.2. Þær skulu afhentar ráðherra tímanlega, en eigi síðar en tveimur vikum fyrir lok frests til að skila vali á stjórnarmönnum.

### 2.3.5. Trúnaðarskylda

Nefndarmönnum í valnefnd er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í nefndinni, sbr. X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í valnefndinni.

### 2.4. Tillögur ráðherra

Ákvörðun ráðherra um tillögu í stjórnir skal tekin tímanlega í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Ákvörðunin skal skrifleg og rökstudd með hliðsjón af ákvæðum eigandastefnu. Í þeim tilvikum sem ráðherra leggur til stjórnarmann sem hefur verið tilnefndur af valnefnd getur ráðherra látið nægja að vísa til rökstuðnings valnefndar, nema veigamikil rök mæli til annars.

Séu slíkir meinbugir á tillögu valnefndar að ráðherra telji ekki unnt að tilnefna stjórnarmenn samkvæmt henni skal ráðherra upplýsa valnefnd um þá meinbugi sem eru á fyrirliggjandi tillögu og óska eftir nýrri tillögu frá henni auk rökstuðnings.